

Burðartalstöð FF-10

Árið 1962 átti ég undirritaður og Siguður Þorsteinsson formaður FBS fund með Siguði Þorkelssyni yfirverkfræðingi Landssíma Íslands og Ríkarði Sumarliðasyni verkstjóra á radióverkstæði Lansímans vegna talstöðvamála FBS. Rætt var um að nauðsynlegt væri að hafa talstöð sem væri hægt að hafa samband við bílana og Gufunes Radio.

Útkoma fundarins varð sú að þar sem ég mátti ekki vegna einkaleifis Landsímans smíða talstöð, að við fengjum svokallaða fuglabjargstöð hjá Símanum til prófunar og mátti ég gera allt sem þurfti til að gera stöðina nothæfa. Þetta var gömul lampstöð sem þurfti 45 volt, 90 volt og 1,5 volta rafhlöður. Sendiorkan var 1 til 2 wött að mig mynnir.

Eftir viku var stöðin tilbúin til fyrstu prófunar. Með vírspotta upp í tré og jarðsamband hafði ég samband við Geira heitinn Geirs, R-82, sem staddur var á Kambabrun. Næsta skref var að setja stöðina og rafhlöður á burðargrind. Ég fékk burðargrind úr tré og samanbrotið skriðdreka loftnet í Sölunefdinnni. Eftir viku var talstöðin tilbúin til að ferðast með.

Á hvítasunnu æfingu á Þingvöllum var talstöðin með. Við fórum á Langjökul og höfðum samband við tjaldbúðirnar á Þingvöllum og einnig Gufunes Radió. Þarna kom vel í ljós hvað hægt var að gera og bara að halda áfram að vinna í þessum málum.

Við fengum aðra talstöð af sömu gerð hjá Símanum og var hún útbúin á sama hátt.

Ég lét Ríkarð vita hvernig þetta gekk hjá okkur og var hann mjög ánægður með árangurinn.

Stuttu seinna hafði hann samband við mig og bað mig um að prófa nýja 12 volta transistor talstöð FF-5b fyrir sig. Landssíminn smíðaði þessa stöð og var hún ætluð fyrir minni gerð af bátum, t.d. trillubáta.

Ég og Siguður Waage fórum með þessa stöð upp í Jósefsdal og prófuðum allar útfærslur af loftnetum. Gufunes Radió og Ríkarður mældu styrkinn og varð útkoman sú þegar allt var tekið með, að nota einungis spólu og topp og málm burðargrind.

Eftir árangurinn af þessu ákvað stjórn FBS að fá 10 slíkar talstöðvar og samdi ég við Ríkarð um að ég smíðaði þessar stöðvar fyrir sveitina. Ég dreif í smíðinni og lét úbúa ál burðargrindur. FBS Reykjavík fékk 4 stöðvar en 6 fóru til sveitanna út á landi. Þar með var talstöðvamál FBS leyst.

Gunnar Jóhannesson

Rafeindavirki